

Mál nr. 1

Knattspyrnudeild Þróttar, Neskaupstað gegn Knattspyrnudeild Hugins/Hattar

Kæra Þróttar N.

Knattspyrnudeild Þróttar Neskaupstað, kt. 540290-1210 leggur hér með fram kæru vegna leiks Hugins/Hattar gegn Þrótti, Neskaupstað, í 3. deild ka. D-riðli, sem fram fór þann 16.07.1999 á Egilsstaðavelli.

Leikmanni Hugins/Hattar, Aðalsteini Inga Magnússyni, kt. 080378-3199, var vísað af leikvelli í leik Leiknis F. og Hugins/Hattar í 3. deild ka., D-riðli, þann 8. júlí á Fáskrúðsfjarðarvelli, sbr. fylgiskjal nr. 1, en þar kemur fram að Aðalsteini Inga Magnússyni var vísað af leikvelli á 78. mín. Samkvæmt 5. gr. starfsreglna aganefndar KSÍ nr. 2 skal leikmaður sem vísað er af leikvelli, fara sjálfkrafa í leikbann sem hér segir:

1. brottvísun sjálfkrafa bann í 1 leik.

Þar sem næsti leikur Hugins/Hattar var við Þrótt Neskaupstað þann 16.07.1999, teljum við að leikmaðurinn Aðalsteinn Ingi Magnússon hafi verið ólöglegur í þeim leik, sbr. fylgiskjal nr. 2 sem sýnir að Aðalsteinn Ingi Magnússon lék leikinn.

Á þessum forsendum förum við fram á að Þrótti Neskaupstað verði dæmdur sigur í leik Hugins/Hattar gegn Þrótti Neskaupstað þann 16.07.1999.

Virðingarfyllst,
fyrir hönd Knattspyrnudeildar Þróttar Neskaupstað,
Víglandur Gunnarsson formaður Þróttar Neskaupstað

Úrskurður knattspyrnudómstóls Austurlands

Ár 1999, fimmtudaginn 29. júlí, kemur saman að Strandgötu 53 á Eskifirði, knattspyrnudómstóll Austurlands. Dóminn skipa Gísli M. Auðbergsson, settur dómsforseti, ásamt meðdómendum Valgeiri Kjartanssyni og Óskari Garðarssyni, settum dómara. Fyrir er tekið kærsmål nr. 1/1999, Íþróttafélagið Þróttur gegn Hugin/Hetti og kveðinn upp eftirfarandi dómur.

Kæruefni

Með bréfi dags. 23. júlí 1999 kærði Íþróttafélagið Þróttur Hugin/Hött. Kæruefnið lýtur að því að í leik liðanna í 3. deild karla í knattspyrnu, sem fram fór þann 16. júlí 1999 á Egilsstaðavelli, hafi lið kærða verið ólöglega skipað. Leikmaðurinn Aðalsteinn Ingi Magnússon hafi í leik Leiknis og kærða á Fáskrúðsfjarðarvelli þann 8. júlí 1999 fengið rautt spjald og verið vísað af leikvelli. Hafi því verið óheimilt að hafa hann í liði kærða þann 16. júlí 1999, sbr. ákvæði greinar 5.2 í starfsreglum aganefndar KSÍ. Kröfur kæranda eru þær að honum verði dæmdur sigur í téðum leik.

Málsástæður kærða

Í greinargerð kærða er þess aðallega krafist að kröfu kæranda verði hafnað og úrslit leiksins verði látin standa, en til vara að dæmt verði að liðin skulu leika leikinn á ný. Kærði upplýsir að þjálfari liðsins hafi hringt fyrir leikinn þann 16. júlí 1999 til skrifstofu KSÍ og kannað hvort einhverjir leikmenn liðsins væru í leikbanni og fengið upplýsingar um að svo væri ekki.

Kærði byggir mál sitt á því að skv. leikskýrslu sem dómari sendi KSÍ hafi umræddur leikmaður einungis fengið gult spjald, og að eftir þeirri leikskýrslu verði að fara þegar metið er hvort leikmaður fari í leikbann. Varakröfu sína byggir kærði á eðli máls og sanngirnirökum og vísar til þess að verði komist að þeirri niðurstöðu að umræddur maður hafi verið í leikbanni, þá verði hvorugu liðinu um það kennt, heldur dómara leiksins.

Málavextir

Þann 8. júlí 1999 léku Leiknir og kærði á Fáskrúðsfjarðarvelli í 3. deild karla í knattspyrnu. Á 78. mínútu var Aðalsteini Inga Magnússyni, leikmanni kærða, vísað af velli. Kemur það fram á afriti Leiknis af leikskýrslu Gests Halldórssonar dómara, sem kærandi hefur lagt fram í málinu.

Þann 9. júlí 1999 átti þjálfari kærða símtal við dómara sem eftir það ákvað að “taka spjaldið aftur”. Sendi dómari leikskýrslu til KSÍ, þar sem kemur fram að Aðalsteinn hafi fengið áminningu á 78. mínútu.

Í næsta leik Hugins/Hattar, þann 16. júlí 1999, þar sem leikið var gegn kæranda, spilaði Aðalsteinn með liði kærða. Úrslit urðu 3-2.

Niðurstöður

Upplýst er að Aðalsteinn Ingi fékk rautt spjald og var vísað af velli í leik Leiknis og kærða þann 8. júlí 1999. Verður að ætla að sú ákvörðun, sem kom til framkvæmda þá þegar, hafi verið leikmanninum, hinum kærða, félagi og þjálfara þess ljós. Skv. grein 5.2 í starfsreglum aganefndar KSÍ skal leikmaður sem vísað hefur af leikvelli sjálfkrafa fara í leikbann í a.m.k. einn leik.

Ekki er unnt að fallast á það með kærða, að hin breytta leikskýrsla dómara, eins og hún var send til KSÍ, eigi að ganga framar hinum raunverulegu atburðum leiksins. Verður því að líta svo á lið kærða hafi verið ólöglega skipað í leik málsaðila þann 16. júlí 1999.

Skv. 1. tl. greinar 4.4 í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót telst félag sem notar leikmann í leikbanni hafa tapað leiknum með markatölunni 0-3.

Skv. 3. tl. greinar 4.5 í reglugerðinni ber einnig að gera kæranda sekt vegna brotsins, og þykir hún hæfilega ákveðin kr. 30.000.

Dómsorð

Úrslit leiks Hugins/Hattar og Íþróttafélagsins Þróttar skulu talin vera 0-3. Huginn/Höttur skal greiða KSÍ sekt að fjárhæð kr. 30.000.

Gísli M. Auðbergsson
Valgeir Kjartansson

Óskar Garðarsson

Áfrýjun Hugins/Hattar

Með vísan til 9. gr. dóms- og refsíákvæða ÍSÍ, sbr. 2. mgr. 25. gr. laga KSÍ og 4. hluta reglugerðar KSÍ um knattspyrnumót, er dómi knattspyrnudómstóls Austurlands í kærumáli nr. 1/1999, Íþróttafélagið Þróttur gegn Hugni/Hetti, hér með áfrýjað til dómstóls KSÍ, sambandsdómstigs knattspyrnuhreyfingarinnar. Dómsorð hins áfrýjaða dóms er svohljóðandi: “Úrslit leiks Hugins/Hattar og Íþróttafélagsins Þróttar skulu talin vera 0-3. Huginn/Höttur skal greiða KSÍ sekt að fjárhæð kr. 30.000.”

Dómkröfur

Þess er krafist að dæmt verði að úrslit leiksins skuli standa og að Íþróttafélaginu Þrótti verði gert að greiða Hugni/Hetti skaðabætur vegna málskostnaðar samkvæmt mati dómstólsins eða framlögðum málskostnaðarreikningi við aðalmeðferð málsins. Til vara er þess krafist að úrslit leiks Hugins/Hattar og Þróttar verði ógilt og liðunum gert að leika nýjan leik. Jafnframt er krafist málskostnaðar í varakröfu.

Um réttarfar

Með vísan til 7. liðar 7. greinar dóms- og refsíákvæða ÍSÍ er þess eindregið óskað að dómurinn ákveði að hafa málflytning munnlegan. Verði háttvirtur dómstóll KSÍ ekki við þessari beiðni er óskað eftir eins löngum fresti til að vinna ítarlegan skriflegan málflytning og frekast er unnt, sbr. 7. lið 7. gr. dóms- og refsíákvæða ÍSÍ. Þá þykir rétt í kafla um réttarfar að upplýsa að áfrýjandi hyggst leiða fram vitni máli sínu til stuðnings.

Málsatvik

Hvorki er að finna ítarlega málsatvikalýsingu í kæru Þróttar eða greinargerð áfrýjanda í héraði. Er reyndar svo, að mati áfrýjanda, að knattspyrnudómstóll Austurlands byggji niðurstöðu sína á einhverju sem ekki hafi komið fram við meðferð málsins. Enda þótt áfrýjandi telji slíkt alls ekki heimilt og haldi uppi ýtrustu vörnum um að niðurstaða knattspyrnudómstóls Austurlands sé m.a. röng af þessum ástæðum, verður ekki annað séð en að áfrýjanda sé nauðsynlegt að haga málflytningi sínum fyrir dómstóli KSÍ þannig, að varist sé því sem fram kemur í dómi Knattspyrnudómstóls Austurlands. Er þannig nauðsynlegt að bregða skýru ljósi á ástæðu þess að þjálfari Hugins/Hattar hringdi í dómara leiksins við Leikni morguninn eftir leikinn, því af forsendum í dómi knattspyrnudómstóls Austurlands mætti ætla, að þjálfarinn hafi á einhvern hátt, sem þá væri ólögætur, viljað fá dómarrann til að breyta skýrslu sinni. Nauðsynlegt er fyrir Hugin/Hött, og ekki síður þjálfara liðsins, að fá tækifæri til að leiðrétta þann misskilning sem í gangi er, af skiljanlegum ástæðum, þegar tillit er tekið til orðalags í áður nefndum dómi. Í raun er vegið mjög alvarlega að mannorði umrædds þjálfara í dómnum án þess að honum hafi verið gefið færi á að koma sinni hlið málsins að. Rétt er að fram komi að umræddur þjálfari lét starfsmenn á skrifstofu KSÍ vita af því sem gerst hafði í leiknum við Leikni áður en leikurinn við Þrótt fór fram. Jafnframt hringdi hann í formann Leiknis og fleiri aðila. Á það er því treyst að nauðsynleg atvikalýsing geti farið fram með munnlegum hætti og verður hún því ekki tíunduð hér. Vísað er til þess sem fram kemur í réttarfarskafla hér að ofan um þetta atriði.

Að öðru leyti er það um málsatvik að segja að samkvæmt vitnisburði dómara, eins og hann birtist á leikskýrslu sem send var til KSÍ, fékk umræddur leikmaður ekki rautt spjald í leiknum. Hann var því ekki úrskurðaður í leikbann á næsta fundi aganefndar KSÍ og hefur ekki enn verið úrskurðaður í leikbann, sbr. framlögð skjöl fyrir knattspyrnudómstóli Austurlands. Þessi skýrsla hefur grundvallað úrskurði aganefndar í öðrum málum, sbr. t.d. úrskurð um leikbann Gjoko Ilijovski, leikmanns Hugins/Hattar, sem á fundi nefndarinnar þann 3. ágúst 1999 var úrskurðaður í eins leiks bann vegna fjögurra gulra spjalda. Samkvæmt leikskýrslu dómans í leik Leiknis og Hugins/Hattar þann 8. júlí 1999 fékk Gjoko þessi gult spjald.

Málsástæður og lagarök

Eins og fram hefur komið er skjal þetta gert með þá forsendu í huga að undirrituðum gefist færi á að koma að frekari og ítarlegri rökstuðningi í málflutningi fyrir dómnum. Verður hér því aðeins vikið að helstu málsástæðum:

Kærandi hefur ekki sannað máltilbúnað sinn. Þegar af þeim sökum ber að fallast á kröfu áfrýjanda.

Leikmaðurinn Aðalsteinn Ingi Magnússon var ekki í leikbanni. Lið Hugins/Hattar var því ekki ólöglega skipað í leiknum við Þrótt.

Starfsreglur aganefndar KSÍ taka á því með mjög skýrum hætti hvernig bregðast skuli við því ef skýrsla dómara er villandi eða beinlínis röng. Sé það niðurstaða nefndarinnar að ástæða sé til að kanna málið er hægt að taka það fyrir að nýju og úrskurða á grundvelli leikskýrslunnar svo breyttri. Slíkir úrskurðir geta ekki verið afturvirkir, enda beinlínis bannað að taka út bann áður en úrskurður gengur.

Aganefnd er einungis heimilt að úrskurða um þau atriði, sem fram koma í atvikaskýrslum dómara og/eða eftirlitsmanna í leikjum í Íslandsmóti. Af þessu leiðir að mjög mikils virði er að halda í formfestu. Sú niðurstaða að “raunveruleg” atvik gangi framur því sem fram kemur á leikskýrslu mun leiða til fjölmargra málaferla. Með því væri útilokað fyrir þjálfara að líta á leikskýrslur og kanna hverjir hefðu fengið t.d. gul spjöld. Hann yrði að hafa fyrirvara á því ef niðurstaða dómstóls KSÍ yrði sú, að skýrsla dómara og/eða eftirlitsmanns væri ekki endilega það gagn sem gildi, þar til annað væri ákveðið með formlegum hætti. Sökum tíðra leikja og mikilvægi þess að allir viti hver réttarstaðan sé varðandi leikbönn og þess háttar, er nauðsynlegt að allir geri sér grein fyrir því, að það er leikskýrsla dómara sem gildir þar til annað er ákveðið með formlegum hætti.

Aganefnd KSÍ hittist á hverjum þriðjudegi. Leikur Leiknis og Hugins/Hattar fór fram á fimmtudegi. Upplýst hefur verið af skrifstofu KSÍ að skýrsla dómara vegna leiksins var komin fyrir næsta fund nefndarinnar og þannig tekin fyrir og afgreidd á fundinum. Ef fram hefði komið á skýrslu dómara að einhver leikmaður hefði fengið rautt spjald í leiknum, þá hefði aganefnd KSÍ úrskurðað viðkomandi leikmann í leikbann á fundi sínum þriðjudaginn 13. júlí 1999. Slíkt var ekki gert, eins og sést af framlögðum gögnum. Samkvæmt reglum aganefndar KSÍ taka úrskurðir nefndarinnar gildi á hádegi næsta föstudag eftir fund. Samkvæmt þessu var úrskurður aganefndar KSÍ á grundvelli leikskýrslu úr leik Leiknis og Hugins/Hattar kominn í gildi. Af úrskurði nefndarinnar má glögg sjá, að Aðalsteinn Ingi Magnússon var ekki dæmdur í leikbann. Var lið Hugins/Hattar því ekki ólöglega skipað í leiknum við Þrótt. Rétt er

að benda á, að þvert á móti hefði verið óheimilt að ákveða upp á eigin spýtur, að Aðalsteinn Ingi ætti að taka út leikbann í hinum kærða leik.

Það er ekki verið að dæma um heimildir dómara í þessu máli. Taka verður á máli dómans með allt öðrum hætti og samkvæmt blaðaskrifum verður það gert. Mál þetta snýst eingöngu um það, hvort Aðalsteinn Ingi Magnússon hafi verið í leikbanni í leiknum við Þrótt og hvort lið Hugins/Hattar hafi af þeim sökum verið ólöglega skipað.

Eins og sést af ákvæðum dóms- og refsíákvæða ÍSÍ er algert málsforræði aðila. Dómendur geta því ekki aflað af sjálfsdáðum sönnunargagna og það er mjög gróft brot á réttarfari að gefa aðilum ekki kost á að tjá sig um þau sönnunargögn sem aflað er. Ber háttvirtum dómstóli KSÍ því að dæma málið á grundvelli framlagðra sönnunargagna af aðilum þessa máls.

Það er andstætt mannréttindareglum, þar á meðal ákvæðum stjórnarskrár Lýðveldisins Íslands, að dæma aðila til greiðslu sektar á hlutlægum grunni. Er því alfarið mótmælt, eins og atvikum er háttað í þessu máli, að heimild sé til að dæma Hugin/Hött til greiðslu sektar, enda þótt niðurstaða knattspyrnudómstóls Austurlands standi að öðru leyti.

Máli sínu til stuðning vísar áfrýjandi einkum til eftirfarandi laga og reglna: 69. gr. stjkskr.; Dóms- og refsíákvæða ÍSÍ einkum 2. gr., 4. gr., 5. gr., 7. gr. og 9. gr.; Lög KSÍ, einkum 25. gr.; Reglugerð KSÍ um knattspyrnumót, einkum greinar 1.1, 1.2, 2.3, 3.5., 4.1, 4.2, 4.4, og 4.5; Starfsreglur aganefndar KSÍ, einkum greinar 2.1, 3, 4.2, 4.3; Reglugerð KSÍ um knattspyrnudómara, einkum 9. gr.

Varðandi rökstuðning fyrir varakröfu er vísað til greinargerðar í héraði.

Sönnunarfærsla

Við fyrirtöku málsins er ráðgert að leggja fram frekari gögn. Ræður þar nokkru um, hvort háttvirtur dómstóll áveður að hafa málflutning skriflegan eða munnlegan. Sökum meðferðar knattspyrnudómstóls Austurlands á málinu og þess sem fram kemur í forsendum hins áfrýjaða dóms, þykir ástæða til að óska eftir því að eftirfarandi aðilar verði kallaðir fyrir dóminn: Árni Ólafson, þjálfari Hugins/Hattar og Aðalsteinn Ingi Magnússon, leikmaður Hugins/Hattar. Þá er gert ráð fyrir því að lögð verði fram yfirlýsing frá dómara leiksins. Þá er hafður uppi áskilnaður til að koma að frekari gögnum, málsástæðum og lagarökum ef málalíbúnaður kæranda gefur tilefni til.

Virðingarfyllst,
Hilmar Gunnlaugsson, hdl.

Dómur dómstóls KSÍ

Ár 1999, mánudaginn 16. ágúst kl. 15.00 kom dómstóll KSÍ saman á skrifstofu KSÍ, Laugardal. Dóminn skipuðu Jón Steinar Gunnlaugsson, forseti, Gestur Jónsson og Lúðvík Örn Steinarsson. Fyrir var tekið málið nr. 1/1999: Huginn/Höttur gegn Íþróttafélaginu Þrótti, Neskaupstað. Mættir eru af hálfu málsaðila Hilmar Gunnlaugsson hdl., f.h. Hugins/Hattar og Halldór Ásgeirsson stjórnarmaður í Íþróttafélaginu Þrótti, f.h. félagsins.

Var nú kveðinn upp svofelldur dómur:

Í máli þessu liggur fyrir, að leikmanninum Aðalsteini Inga Magnússyni var vísað af leikvelli í leik áfrýjanda við Leikni, sem fram fór á Fáskrúðsfjarðarvelli 8. júlí 1999. Jafnframt er óumdeilt í málinu, að dómari lét brottvísunarinnar ekki getið á leikskýrslu þeirri, sem send var til KSÍ eftir leikinn. Kemur fram á leikskýrslunni, að dekket hefur verið yfir áritun í þann reit skýrslunnar sem sýnt hefði brottvísunina.

Samkvæmt grein 5.2 í starfsreglum aganefndar KSÍ fer leikmaðurinn sjálfkrafa í leikbann í næsta leik hafi honum verið vísað af leikvelli. Dómari hefur ekki vald til að breyta ákvörðunum sínum við dómgæsluna eftir á. Breyting hans á leikskýrslunni í þessu tilviki gat því ekki haft nein áhrif á viðurlög, sem starfsreglurnar ákveða að skuli falla á sjálfkrafa, þ.e. án þess að hafa verið úrskurðuð af nefndinni. Af þessu leiðir, að leikmaðurinn var í leikbanni í næsta leik áfrýjanda eftir leikinn 8. júlí 1999. Fyrir liggur að það var hinn umdeildi leikur málsaðilanna á Egilsstaðvelli 16. júlí 1999. Lið áfrýjanda var því ólöglega skipað í þeim leik og ber því að staðfesta hinn áfrýjaða dóm með vísan til þeirra ákvæða í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót sem þar greinir, en sektarfjárhæð þykir þar hæfilega ákveðin.

Málsaðilar hafa báðir krafist málskostnaðar, en dómstóllinn hefur ekki heimild til að dæma slíkar kröfur. Er þeim því vísað frá dómnum.

Dómsorð

Hinn áfrýjaði dómur er staðfestur. Málskostnaðarkröfum aðilanna er vísað frá dómi.

Jón Steinar Gunnlaugsson
Lúðvík Örn Steinarsson
Gestur Jónsson